



Til sveitarstjórna á Norðurlandi eystra

Norðurlandi eystra, 30. júní 2025

Efni: Skipan í starfshóp fyrir Loftslagsstefnu Norðurlands eystra

Eitt af verkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2025 - 2029 er að unnin verði sameiginleg loftslagsstefna fyrir landshlutann. Í ljósi þess að vinna við loftslagsstefnu fer vel saman með vinnu SSNE og Eims vegna RECET verkefnisins viljum við leggja til við sveitarfélögin að vinna við sameiginlega loftslagsstefnu verði sett af stað strax í haust.

Í vinnunni verður horft til þess að stefnan uppfylli boðaðar breytingar á lögum um loftslagsmál (sjá [drög að frumvarpi á Samráðsgátt](#)), en jafnframt að vinnan geti nýst sveitarfélögunum í sinni vinnu.

Horft er til þess að stefnan verði unninn hratt og örugglega og að vinnan klárast snemma næsta vor.

Með þessu erindi er óskað eftir því að sveitarfélagið staðfesti vilja sinn til að taka þátt í mótun loftslagsstefnu Norðurlands eystra og skipi jafnframt fulltrúa í samstarfshóp sem mun stýra vinnunni í samstarfi við starfsfólk SSNE og Eims sem mun halda utan um vinnuna. Einnig er gert ráð fyrir samráði við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

Óskað er eftir því að svar við erindinu berist á ssne@ssne.is fyrir 31. ágúst næstkomandi.

Virðingarfyllt,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri SSNE

